


Safnaðarbréf

haust 2008



Nýrri kirkju og menningarhúsi er fyrirhugaður staður á auða svæðinu sunnan við miðbæjartorgið.

Hillir undir nýju kirkjuna

Viljayfirlýsing um sameiginlega byggingu kirkju, safnaðarheimilis og menningarhúss var undirrituð 25. júní síðastliðinn af hálfu bæjaryfirvalda og sóknarnefndar Lágafellssóknar.

Með viljayfirlýsingunni hefur húsi þessu verið helgaður staður í austanverðu Klapparholtinu þar sem nú er autt svæði milli húsanna við Þverholt og gömlu kaupfélags-húsanna, í tengingu við nýja miðbæjartorgið sem þegar er orðið að veruleika.

Hugmyndin er að í húsinu verði hægt að halda uppi fjölbreyttri menningarstarfsemi auk hefðbundinnar starfsemi kirkju og safnaðar, með aðstöðu til tónleika- og ráðstefnuhalds og listasýninga af ýmsu tagi.

Núna er verið að leggja lokahönd á þarfagreiningu vegna þessa verkefnis. Þegar þeirri vinnu lýkur verður haldin samkeppni um hönnun húsnæðisins. Gert er ráð fyrir að samkeppnin verði auglýst í haust og að niðurstöður liggi fyrir um áramót.

Hratt hefur fjölgað í sókninni svo löngu er tímabært að byggja nýja kirkju sem rúmar kirkjugesti á stórhátíðum, við fermingar og jarðarfari, svo nokkuð sé nefnt. Kirkjur safnaðarins að Mosfelli og Lágafelli munu eftir sem áður vera fullgildar við minni athafnir, en vert er að minna á að Lágafellskirkja er elsta hús byggðarlagsins og á næsta ári eru 120 ár liðin frá því hún var vígð. Þá voru sóknarbörnin 403 talsins en eru nú hálf tálunda þúsund eða þar um bil.



Sr. Jón kveður

Sr. Jón Þorsteinsson sóknarprestur mun syngja sína síðustu messu í því embætti sunnudaginn 24. ágúst. Hann lætur nú af störfum að eigin ósk eftir 18 ára þjónustu hér og hyggst fara til langdvalar erlendis með eiginkonu sinni, Sigríði Önnu Þórðardóttur, sem verður sendiherra Íslands í Kanada.

Samstarfsmenn Jóns og söfnuðurinn allur flytja honum hugheilar þakkir fyrir farsælt starf og ljúf kynni með óskum um velfarnað á nýjum slóðum.

Að lokinni kveðjumessu Jóns sem hefst í Lágafellskirkju kl. 14 verður boðið til kirkjukaffis í Hlégarði.



Kirkjukór Lágafellssóknar í Hóladómkirkju

Helgistund í gróandanum

Kirkjan er sú umgjörð sem kristnir menn hafa gert trú sinni. Kirkjubýggingar reisa þeir utan um sameiginlegt helgihald sitt. Yfir og umhverfis öll manna verk hvelfist sköpunarverk almættisins, umgjörðin sem það hefur búið jarðnesku lífi okkar og trú. Á björtum og hlýjum sumardegi er gott að ganga út í gróandan, leita einn eða í samfélagi við aðra á vit náttúrunnar og hugleiða Guðs orð umvafinn líta-dýrð hennar og ilmi við klíðmjúkan söng mófugla og léttan þyt í laufi.

Sunnudaginn 6. júlí var helgihald í Lágafellssókn með þessu sniði. Athöfnin hófst í Lágafellskirkju á hefðbundum tíma kl. 11 með bæn sem séra Ragnheiður Jónsdóttir flutti. Að henni lokinni var sunginn sálmur og síðan gengu kirkjugestir út á kirkjuhláðið og þar tók Sigurður Hreiðar við stjórn göngunnar og leiddi hópinn milli hinna fjögurra staða þar sem áð var á leiðinni. Í hverjum áfangastað las séra Ragnheiður ritningarorð og fór með stutta bæn en Sigurður Hreiðar greindi frá helstu kennileitum og rifjaði upp sögur sem þeim tengjast.

Fyrst var gengið fram á Lágafellsklifið út með heimreiðinni að Lágafelli og skyggst yfir byggð og sund og inn til dals og fjalla. Þaðan var haldið áleiðis í „Litla skóg“, hinn fagra trjálund í Túnahverfinu sem gróðursettur var á sjöunda áratug síðustu aldar fyrir atbeina Gísla heitins

Heimsókn til Skagafjarðar

Kirkjukór Lágafellssóknar, organisti og prestar heimsóttu 17.-18. maí s.l. söfnuði Hofsóss og Hólaprestakalls í Skagafirði. Ferðin var meðal annars farin til að treysta gömul tengsl, en sr. Ragnheiður Jónsdóttir, prestur Lágafellssóknar þjónaði þessum sóknnum áður en hún kom til starfa í Mosfellsprestakalli.

Ekið var norður yfir heiðar undir leiðsögn Guðmundar Jónssonar á Reykjum. Sannar og ýktar sögur um menn og málefni vöktu landslagið til lífs og líta og voru í senn fróðlegar og skemmtilegar.

Heimamenn bæði á Hólum og í Hofsósi tóku á móti hópnum af myndarbrag og gestrisni. Vesturfara-setrið var skoðað undir leiðsögn forstöðumannsins, Valgeirs á Vatni. Höfuðbólið Bær á Höfðaströnd var einnig heimsótt og „bæjarstjórinn“ Símon Gestsson leiddi okkur um staðinn og sagði frá. Á Bæ hefur Steinunn Jónsdóttir endurbyggt húsin og veitt sumum þeirra ný hlutverk, meðal annars sem listamannasetur. Reiðhöll og hesthús hafa einnig verið reist þar, mörgum hestamanninum til yndis.

Á sunnudagsmorgninum var ekið „heim að Hólum“ hinu forna og helga biskupssetri og dómkirkju, þar sem hr. Jón Aðalsteinn Baldvinsson vígslubiskup tók á móti hópnum og hafði stutta staðarskoðun í Auðunarstofu. Guðsjónusta var í Hóladómkirkju kl. 11 þar sem vígslubiskup þjónaði fyrir altari ásamt sr. Ragnheiði og sr. Gunnari Jóhannssyni sóknarpresti prestakallsins en sr. Jón Þorsteinsson sókn-

arprestur Lágafellssóknar prédikaði. Kirkjukór Lágafellskirkju söng undir stjórn Jónasar Þóris.

Í Hofsóskirkju var guðsþjónusta kl. 14. Þar sá Kirkjukór Lágafellskirkju einnig um sönginn. Sr. Ragnheiður prédikaði en sóknarprestur og vígslubiskup ásamt sr. Jóni Þorsteinssyni þjónuðu fyrir altari. Öllum viðstöddum var síðan boðið í myndarlegt kirkjukaffi á prestssetrinu, heimili sóknarprestshjónanna.

Það var ánægður hópur sem sneri heim á leið seinni part sunnudags, uppfullur af góðri og fræðandi reynslu, samveru og samfélagi manna. Vonandi líður ekki á löngu þar til tækifæri gefst til að gjalda gestgjöfum okkar fyrir norðan líku líkt og taka á móti þeim hér sunnan heiða við sameiginlega guðsþjónustu safnaðanna í Lágafellskirkju.

Vilt þú verða sjálfboðaliði ?

Aðstæður og upplag geta orðið til þess að fólk missir samband við umheiminn og einangrast. Þá getur komið sér vel að eiga góða að.

Heimsóknarþjónusta Mosfellsprestakalls er viðbót við þá þjónustu sem bæjarfélagið lætur í té. Henni er ekki ætluð samkeppni við aðra í sókninni, heldur vera til uppfyllingar og stuðnings annarri þjónustu. Því er mikilvægt að umsjónarmaður heimsóknarþjónustu kirkjunnar, sem er djákni Mosfellsprestakalls, sé í góðu sambandi og samstarfi við m.a. heilsugæslu, félagsþjónustu og aðra þá sem sinna heimsóknarþjónustu í bæjarfélaginu. Hún er fyrst og fremst boð um mannleg samskipti en ekki sérfræðileg meðferð. Hún er unnin í sjálfboðnu starfi og kallast sjálfboðaliðar hennar heimsóknarvinir.

Heimsóknarvinur er bundinn þagnarskyldu um aðstæður þeirra sem hann heimsækir. – Hefur þú áhuga að gerast sjálfboðaliði kirkjunnar?

Hafðu þá samband við djákna Mosfellsprestakalls í síma 861-3565 eða á netfanginu fjolaha@visir.is

Kristjánssonar ritstjóra og orðinn er skjólsæll sælureitur sem bæjarbúar njóta góðs af.

Næst var gengið austur með Úlfarsfellinu norðanverðu þar sem nýir sælureitir eru sem óðast að verða til undir og upp eftir hlíðum fellsins, ávöxtur fórnúsra handa þeirra bæjarbúa sem tekið hafa þetta svæði í fóstur og gróðursett þar á undanförunum árum þúsundir margs konar trjáplantna, runna og blóma. Þess verður ekki langt að bíða að þarna verður kominn inn með hlíðinni hinn fegursti skrudgarður sem gleðja mun komandi kynslóðir. Með í för voru hjónin María og Erik sem fóstra einn reitinn þarna og leiddu þau okkur um lundinn sinn og sýndu okkur hinn fjölbreytta gróður sem vex þar upp undir árvökulum augum og umhyggju þeirra. Var gott að leggjast í grasið í einu framtíðarjóranna, teygja að sér angan jarðarinnar og hlýða á prestinn lesa úr ritningunni og hugleiða textann um stund við ljúft suð býflugunnar sem starfaði í blómstrandi jurtagarði þeirra hjóna.

Eftir stutta hvíld var enn haldið af



Staldrað við í lundi Maríu og Eriks.

stað og gengið lengra inn með hlíðinni en síðan sveigt til norðurs yfir holtin og aftur til vesturs í átt að Lágafelli. Þegar sást aftur heim að kirkjunni okkar, af melhól sem byrgt hafði okkur sýn til hennar um stund, var staðnæmt á ný og hlýtt á skemmtilega frásögn Sigurðar af samskiptum hans við fornmennt þegar hann var ungur drengur heima á Hulduhólum.

Þá var og lesinn fjórði og síðasti ritningarlesturinn en að því búnu

haldið til kirkju, flutt bæn og sálmur sunginn.

Þar með lauk þessari lofgjörð til sköpunarverksins sem okkur öllum er falið til varðveislu og gekk hópurinn til skrudhúss þar sem beið heitt kaffi með gómsætu meðlæti. Vorum við öll sammála um það að við hefðum á þessum ríflega tveimur sólföggu sunnudagsstundum átt gott samfélag og vildum endurtaka það að ári. Einn úr hópnum

Prestssetursjörðin undanskilin

Embætti sóknarprests í Mosfellsprestakalli, Lágafells-sókn, hefur nú verið auglýst til umsóknar, þegar sr. Jón Þorsteinsson lætur af embætti eftir 18 ára farsælt starf.

Í auglýsingunni er tekið fram að prestssetursjörðin að Mosfelli sé skilin undan í kjörum væntanlegs nýs sóknarprests að frátöldum einhverjum skika sem prestssetrinu verði útmældur af hálfu Stjórnar prestssetra, sem áður hét Prestssetrasjóður.

Þetta þýðir að stjórn þessi geti síðan að fengnu samþykki Kirkjuþings selt afganginn af þessari fornu prestsseturs- og sögugjörð og höfuðbóli byggðarlags-

ins hæstbjóðendum og/eða vildarvinum undir golfbrautir, hrossabeit, tjaldstæði, íbúðarhúsalóðir eða hvaðeina sem þeim kann að þykja þóknanlegt, án tillits til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar jarðarinnar eða nándar hennar við prestssetur, kirkju og kirkjugarð á Mosfelli.

Árið 1996, þegar sóknarnefnd Lágafellssóknar gekk til samninga við Prestssetrasjóð um helmings aðkomu að byggingu nýs prestsseturs á Mosfelli var það sameiginlegur skilningur og raunar á þeim tíma forsenda fyrir gjörmingnum af hálfu sóknarnefndar að með því væri tryggt að ekki yrði hróflað við Mosfelli sem prestssetursjörð og hún yrði þar með áfram söfnuði og sókn til afnota undir umsjá sóknarprestsins, með þeim minjum og menningarverðmætum sem henni fylgja.

Með þessum brigðum af hálfu Prestssetrasjóðs (nú Stjórnar prestssetra) í gegnum Kirkjuráð þykir heimamönnum í sókninni að frá þeim bæjum sé komið aftan að Mosfellingum en gullslegin tímamörk sett á eilífðina.

Sig. Hr.





Jólamessa á Mosfelli. Á stórhátíðum eru núverandi kirkjur allt of litlar.

Séra Jón Þorsteinsson kveður nú söfnuð sinn í Lágafellssókn og snýr til nýrra viðfangsefna í fjarlægum landi, þar sem kona hans, Sigríður Anna Þórðardóttir, tekur við starfi sendiherra nú í haust. Því er við hæfi að

Mér fannst þegar við gengum hér niður stigann að samkomunni lokinni að ég hefði þegið einskonar blessun frá öldungaráðinu!

Ég vildi búa á prestssetrinu á Mosfelli. Forveri minn sr. Birgir Ásgeirsson var flú-

því að með því að koma að byggingu prestsseturs á Mosfelli værum við m.a. að tryggja söfnuðinum framtíðarland undir kirkjugarð.

Samkvæmt lögum er viðkomandi sveitarfélagi skylt að leggja til land undir kirkjugarð. Bæjarfélagið keypti hluta af landi Mosfells af Prestssetrasjóði sem nú er þinglýst eign kirkjugarða Lágafellssóknar og þar með safnaðarins. Þegar horft var til þess að prestssetrið yrði að Mosfelli og jörðin áfram prestssetursjörð þótti það góður kostur og þar eigum við nú stækkunarmöguleika næstu 100 árin.

Lágafellskirkju hefur verið gert afar vel til góða þannig að þetta elsta hús bæjarins, sem verður 120 ára á næsta ári, er að öllu leyti vel búið og mun sóma sér vel sem helgidómur um ókomna tíð. En það er barn síns tíma, – byggt þegar söfnuðurinn var 403 sálar.

Ég fann það strax við komuna hingað að betri starfsaðstöðu vantaði sárlega. Safnaðarheimilið sem tekið var í notkun 1988 bætti vissulega mikið úr skák. Kirkjan á Mosfelli hefur líka fengið mjög

Presturinn er þjónn þeirra sem

setjast með honum dagstund, líta yfir farinn veg og hugleiða lífið og tilveruna.

Hvernig var að koma hingað, sr. Jón?

Þegar ég vígðist til Grundarfjarðar árið 1974 fann ég fljótt að ég hafði ekki fengið þann undirbúning í guðfræðideildinni sem ég hefði viljað. Þess vegna fór um við hjónin eftir átta ára veru þar til Bandaríkjanna þar sem ég átti þess kost að bæta nokkuð úr í þessu efni.

Í Grundarfirði leið okkur vel en þar kom að okkur þótti mál að hugsa okkar gang. Mosfellsprestakall var auglýst sumarið 1990 og ég skilaði inn umsókn á síðasta degi og hingað var ég valinn.

Söfnuðurinn sem ég kvaddi í Grundarfirði var rétt um 800 manns. Söfnuðurinn hér var um 4400 manns. En starfsfólkið hér, sóknarnefndin, kirkjukórinn, organistinn, allt þetta fólk tók okkur með útbreiddan faðm og hefur reynt einstakir samstarfsmenn.

Fyrsta samveran sem við Sigríður tókum þátt í hér var hjá eldri borgurum sem þá höfðu aðstöðu til félagsstarfs í safnaðarheimilinu. Höskuldur heitinn Ágústsson hafði orð fyrir fólkinu og þegar leið á samkomuna sagði hann: „Mér líst nú bara nokkuð vel á þig og vertu velkominn!“

inn þaðan fjórum árum fyrr þar sem hann fékk ekki nauðsynlegasta viðhald á íbúðarhúsinu. Ég fékk þann grun staðfestan að fyrirhugað væri að selja jörðina og ákvað að spyrna við fótum. Svo kom sóknarnefndin til liðs og nýtti nýjan möguleika til að koma að hálfu til móts við Prestssetrasjóð um byggingu nýs prestsseturs með þeim skilningi að það yrði til að treysta að Mosfell yrði áfram prestssetursjörð.

Við Sigríður höfum nú búið þar í tíu ár og staðurinn hefur fengið nýja og betri ásýnd. Þess vegna hryggir það mig mjög nú þegar embætti sóknarprests er auglýst að kirkjuráð hefur samþykkt að taka jörðina undan prestinum. Það er enn dapurlegra til þess að vita vegna þess að á sínum tíma voru forráðamenn safnaðarins látnir halda, af hálfu þess sama fólks og nú leikur þennan leik, að með því að taka mjög myndarlega þátt í uppbyggingu Mosfells – sem var ekkert sjálfsagt og meira að segja umdeilanlegt – að með því værum við að tryggja að jörðin væri áfram prestssetursjörð í umsjón prestsins með fullum rétti safnaðarins. Nú stöndum við frammi fyrir því að þau loforð eru ekki efnd.

Við sem þá vorum í sóknarnefnd trúðum

verulegar endurbætur og umhverfi hennar og aðkoman að húsinu lagfærð. Báðar eru þessar kirkjur yndisleg Guðshús. En alltaf þegar eitthvað meira stendur til, á stórhátíðum, við fermingar, jarðarfari, eru þau of lítil og það stendur safnaðarstarfi fyrir þrifum á margan hátt.

Það er til dæmis dapurlegt að þegar kemur að hinstu þjónustu við fólk sem hefur alið allan sinn aldur í þessu byggðarlagi og þar með þegið alla sína kirkjulegu þjónustu hér í sveitinni sinni skulum við þurfa að leita til Reykjavíkur til að finna húsrúm sem dugar.

Oft heyrir maður að það sé létt og lítið verk að vera prestur. Lýstu nú aðeins starfi prestsins.

Hið sýnilegasta af starfinu er sunnudagaskólinn og guðsþjónusturnar. Síðan koma skírtnir utan guðsþjónustu sem samt fara gjarnan fram um helgar, og sama er að segja um hjónavígslur. Kistulagningarathafnir og jarðarfari eru einnig hluti af sýnilegu starfi. Allt kostar þetta auðvitað sinn undirbúning, ræðugerð, vinnu og skráningu, ritun vottorða og hvaðeina sem fylgir. Prestar eru kallaðir til þátttöku í margs konar félagsstarfi með ávörp og ræður og helgistundir. Samt er vísast sá þáttur prestsstarfsins stærstur sem ekki er

sýnilegur en það er þjónusta við hinn mikla fjölda fólks sem leitar til kirkjunnar þjóna af margvíslegum tilefnum.

Þessi þáttur starfsins er nefndur sálu-sorgun og snýst um liðsinni prestsins þegar á móti blæs. Þar getur verið um að ræða sambúðarvandamál, fjárhagserfiðleika, áföll og sorgir, sjúkdóma og slys. Líka má nefna það sem sumir kalla unglingsvanda en er oft ekkert síður vandamál fullorðna fólksins.

Þegar þetta fólk leitar eftir viðtölum kýs það oftast að koma utan venjulegs vinnutíma og það bætist þá við vinnudag prestsins. Þetta er ekki bara endrum og sinnum heldur mjög oft og stundum er kallað eftir einhverju slíku nær því hvern einasta dag. Meðan ég var einn á vaktinni hér og söfnuðurinn að stækka úr hálfu fimmta þúsundi í hálf túsund þúsund – áður en sr. Ragnheiður kom hingað til liðs – var þetta sólarhrings vakt alla daga, virka og helga og enginn frídagur mánuðum saman. Einhvern tíma fletti ég til baka í dagbókinni minni og komst að því að í þrjá mánuði samfleytt hafði ég

hérna, jafnvel á nóttunni ef svo ber undir. Þó kemur fyrir að ég annað hvort sendi sjálfum mér verkefni mitt þá stundina í netpósti eða tek það með mér á disk heim og sit þá áfram við það þar. En mér líður vel á þessari skrifstofu – héðan er yndislegt útsýni og einhvern veginn góður andi og þægilegt andrúmsloft.

Svo hef ég verið svo lánsamur að hafa alltaf haft framúrskarandi samstarfsfólk og það undirstrikar enn að hér er gott að vera í Mosfellsbæ. Það verður ekki lengra til jafnað en þeirra daga sem ég hafði hér Jóa minn (Jóhann Björnsson, framkvæmdastjóra sóknarnefndar, sem lést 2006) og Þuríði (Hjaltadóttur, sem um árabíl var húsmóðir í safnaðarheimilinu). Ég hef sagt það áður um Jóa að stundum liðu svo dagar í samstarfi okkar að við vorum í hrókasamræðum án þess að við þyrftum að segja orð – svo gjörþekktum við hvor annan að þetta var bein tenging hugarsambands. Hann var oft búinn að framkvæma óskir mínar um liðsinni áður en ég bar þær upp. Ég er algerlega sannfærður um að ef hans hefði ekki notið við



Í fullum skruða fyrir altari í Lágafellskirkju.

skilgreina þennan mun öðru vísi og ég lít á séra Ragnheiði og í raun allt annað samstarfsfólk mitt hér sem jafningja og hef aldrei fundist ég vera yfir aðra hafinn á nokkurn hátt. Ég vil einmitt hafa það þannig að fólkið í sókninni líti sömu augum á báða prestana, því það á að fá nákvæmlega sama viðmót og sömu

En honum er trúað til að sinna

aldrei farið að sofa að kvöldi vitandi að ég ætti frí daginn eftir.

Núna, eftir að sr. Ragnheiður er komin til starfa getum við skipt með okkur verkum og annað hvort okkar er alltaf til taks. Það er afar mikilvægt. Ég hef aldrei í mínum prestskap í 34 ár farið af bæ til að sinna mínum eigin málum án þess að vera búinn að gulltryggja að sá sem þarf á presti að halda geti fundið hann á sínum stað. Það má aldrei vera öðru vísi í þjónustu kirkjunnar.

Ég hef sjálfur reynt að hér í þessari litlu skrifstofu í safnaðarheimilinu er hægt að ganga að þér vísun svo fremi að þú sért ekki bundinn við þjónustu annars staðar. En svo ertu líka með skrifstofu heima á Mosfelli.

Yfirleitt er ég hér frá morgni til kvölds, að minnsta kosti yfir veturinn og meðan fermingarfræðslan stendur yfir. Ég reyni að ljúka vinnudegi fyrir kvöldmat en stundum tekst það ekki og þá þarf ég að skjótast hingað ofan eftir á kvöldin líka. 140 fermingar börn sem koma hingað í 6-7 hópum þurfa öll sína athygli blessuð og það kallar stundum á meiri viðveru með en bara í fræðslutímunum. Svo er ég með allt mitt hér, bækurnar mínar sem ég þarf oft að leita í og mér finnst gott að vinna

þegar álagið var mest og ég var einn á vaktinni hefði ég ekki staðið undir því. Hann var ómetanlegur maður að hafa sér við hlið. Það var mikill sjónarsviptir að þeim góða dreng. Guð blessi minningu hans.

Nú eruð þið prestar tveir hér, en þó ekki í jafnri stöðu. Annað ykkar er sóknarprestur en hvað er hinn presturinn þá? Aðstoðarprestur?

Sóknarpresturinn á í raun að vera eins konar verkstjóri. Á hans herðum hvílir að sjá um skýrslugerð embættisins og sú stjórnunarskylda sem starfið útheimtir. Hann ber ábyrgð á því að starfið gangi fyrir sig eins og sæmandi er. Ég hef kannski aldrei verið mjög upptekinn af því að láta fara fyrir mér sem stjórnanda og held raunar að það sér farsælast í slíkri stöðu og um leið og ég segi þetta þá vil ég líka ítreka að ég hef alltaf reynt að minna sjálfan mig á að í starfi mínu er ég þjónn þeirra sem mér er trúað til að sinna en ekki herra.

Fyrir nokkrum árum var alltaf talað um aðstoðarprest ef sóknarprestur hafði annan prest sér við hlið en einhverjum fannst felast smækkun í því sem starfsheiti. En það á ekki að vera svo og er ekki réttlátt. Í sjálfu sér kann ég ekki vel að

þjónustu hvort sem það leitar til sr. Jóns eða sr. Ragnheiðar. Og það er gott að minnst þess að sú þjónusta sem prestur veitir helgast ekki af hans hæfileikum eða kröftum heldur aðeins og eingöngu af þeim Drottni sem gefur kraft og styrk til starfans.

Það er auðvitað erfitt að aðgreina persónuna og prestinn og persónan veldur því hver presturinn er og hvaða mynd einstaklingurinn gefur embættinu. Ég vona að þegar ég hverf héðan megi segja að ég hafi haldið þannig á embætti sóknarprestisins að þeir sem þurfa á þjónustu þess embættis að halda eigi ekki erfitt með að leita eftir henni á eðlilegan hátt.

Nú hverfur þú frá þessu embætti á góðum aldri, fullhraustur, með tiltölulega skömmum fyrirvara. Finnst þér þú eiga einhverju ólokið?

Það sem mér þykir kannski sárast er að geta ekki tekið til hendinni við að byggja nýja kirkju, að skapa nýjan ramma um þetta starf sem er í rauninni mikilvægast af öllu sem svona samfélag axlar. Hér á að verða til stórt og glæsilegt hús sem hýst getur alla nauðsynlega starfsemi í þessu efni. Þegar ég segi að starf kirkjunnar sé mikilvægt er ég með því að minna á hvað íslenskt þjóðlíf er gegnsýrt af kristinni

lífsýn og viðmiðun. Kirkjuárið leiðir starf kirkjunnar og öll þjóðin er þátt-takendur. Hvað gerir öll þjóðin um jólin?

Undirbúningurinn hefst mörgum mánuðum fyrir, en í fyllingu tímans fagnar fólkið þeim gildum sem jólin boða. Svo koma páskar og aftur er þar miðpunktur með trúarlega viðmiðun. Árstíðir kirkjuársins hafa sín mótunaráhrif á samfélagið allt. Hvað þú hugsar, hvað þú gerir, hvernig heimilishaldið er, hvað þú borðar – allt! Og ramminn utan um allt þetta á að vera í lagi.

Þá er ég að tala um kirkjuhúsið og allt það sem þar fer fram og er göfugt og gefandi. Þar með talin tónlistin. Þessi söfnuður nýtur þeirra forréttinda að vera með einstakan listamann sem organista og tónlistarstjóra, Jónas Þóri. Mann sem er meiri snillingur en hann veit sjálfur eða kann að viðurkenna. Mann sem kann að breiða frið og huggun yfir sorgina þegar það á við og auka fögnuðinn á gleðistundum og gerir það þannig að það eru forréttindi að fá að njóta þess. Slíkum manni á að skapa besta hugsanlegan aðbúnað, góð hljóðfæri og hann á að hafa öllu

því besta á að skipa svo hann fái notið sín til hlítar, þó hann geti líka náð töfrum úr lítilli harmonikku eins og við þekkom báðir!

Slík aðstaða skapar líka forsendur fyrir tónleikahald annarra snillinga á þessu sviði og Mosfellsbær er afar ríkur í þeim efnum. Við eigum hér söngvara og hljóðfæraleikara á heimsmælikvarða. Hér starfa ekki færri en 9 kórar og frábær lúðrasveit en stjórnendur hennar í gegnum tíðina hafa lagt grunn að tónlistaruppeldi hér í sveitinni sem óvíða er að finna svo glæsilegt annars staðar.

Annars er kannski erfitt að meta hvað er stórt og hvað er smátt í þessu samhengi. Prestur getur talið hve margar guðsþjónustur hann hefur sungið, nefnt fjölda skírnbarna, fermingarbarna, hve mörgum hjónavígslum hann hefur sinnt og útfararathöfnum en slíkar tölur segja næsta lítið um hvernig til tókst. Hver var hinn raunverulegi árangur sem var til gagns og blessunar.

Á námsárunum gróf ég skurði í 11 sumur. Þá sá ég áþreifanlegan árangur.

100 metrar grafnir á 8 tíma vakt, fjögurra metra breiður skurður og blasti við allri sveitinni... En í prestskapnum – jú, það er hægt að telja eitthvað, en það er ekki það sem þetta starf snýst um. Hef ég haft áhrif? Hefur starf mitt orðið til blessunar? Ég fæ aldrei svör við því.

Það metur sá einn sem yfir öllu vakir



„Nonni og Sigga“ voru 17 ára þegar þau kynntust. Segja má að þau hafi stuðst að síðan og þau eiga 40 ára brúðkaupsafmæli í haust.

og allt sér og skilur. Og nú má enginn taka það svo að ég sé að vanþakka þau hlýju og góðu þakkarorð sem ég hef sannarlega fengið að heyra í gegnum tíðina þegar fólk hefur látið í ljós þakkir og viðurkenningu. Allt slíkt met ég afar mikils og það er auðvitað bestu launin sem hægt er að fá í slíku starfi.

Ef þú spyrd mig líka hvað mér þykir vænst um í starfi mínu í gegnum tíðina kemur margt í hugann. Preststarfið er yndislegt starf og stórt þakkarrefni að vera trúað til að standa þá vakt gagnvart samferðamönnum. En preststarfið er líka afar krefjandi. Stór hluti þess er eins og ég sagði fyrir sálusorgun og stuðningur við þá bræður og systur sem verða fyrir áföllum í lífinu eða þurfa að ganga í gegnum erfiðleika og mótlæti. Presturinn er hins vegar einnig kallaður til að taka þátt í stærstu gleðistundum í lífi fjölskyldu og einstaklinga og það eru ótrúleg forréttindi. Ég held samt þegar ég lít yfir farinn veg að starfið með fermingarbornunum mínum í gegnum tíðina sé mér

kærast. Vissulega krefjandi á stundum en alltaf afar gefandi og ég er ríkur af vináttu þeirra á langri tíð – svo langri raunar að ég hef bæði gift þau mörg, skírt börnin þeirra og fermt reyndar líka. Og það er fátt sem gleður mig meira en þegar þetta yndislega fólk hefur kallað sérstaklega eftir minni þjónustu á þessum stærstu stundum í lífi hvers einstaklings í al-kristnu landi.

Nú tekur við nýr kafli í nýju landi þar sem við Sigríður þekkjum ekki eina einustu sál. Sigríður á að taka við því hlutverki og á sinn hátt við bæði að vera andlit heillar þjóðar og af okkur og okkar orðum og gjörðum kann að markast afstaða fólks til Íslands og Íslendinga. Það er stór ábyrgð og ég efast ekki um að Sigríður stendur vel undir því eins og öllu því sem hún hefur tekið sér fyrir hendur.

Sigríður Anna er lífslánið mitt í stóru og smáu. Við vorum 17 ára þegar við kynntumst og við eigum 40 ára hjúskaparafmæli 10. september í haust. Hún gaf mér sjálfstraust og hugrekki til að feta út á þessa braut á sínum tíma og enginn hefur reynt mér traustari liðsmaður með hvatningu og stuðningi í gegnum tíðina.

– Ég hef verið spurður, aftur og aftur, hvað ætlar þú að fara að gera?

Fyrst og fremst hlýt ég að reyna að standa við hlið eiginkonu minnar og styðja hana eftir því sem ég get og kann og svo á ég ýmis hugðarefni sem gaman verður að fá næði til að sinna. Eitt er víst: Ég verð ekki prestur þar vestra. Ég má ekki embætta í Kanada nema með sérstöku leyfi þarlendrar yfirvalda. Vissulega rífur það svolítið í mig að ganga frá altarinu í síðasta skipti og eiga ekki lengur aðgang að yndislegu starfi. En kannski er einmitt gott að snúa sér að nýjum hlutum meðan maður hefur heilsu og krafta til. Það væri trúlega engu léttara þó ég væri nú sjötugur og væri að hætta fyrir aldurs sakir.

Við þessi skil vil ég þakka samstarfsfólkinu mínu öllu í gegnum tíðina einstakt samstarf, vináttu og stuðning og ég bið góðan Guð að blessa alla íbúa Mosfellsprestakalls og allt það starf sem hér verður unnið um ókomna tíð.

Sig. Hr.

Barna- og æskulýðsstarf Lágafellssóknar næsta vetur

Sunnudagaskóli

Sunnudagaskólinn er alla sunnudaga yfir vetrartímann klukkan 13:00 í Lágafellskirkju. Þar er komið saman, sungið og leikið og eru foreldrar hvattir til þátttöku. Börnin fá í hendur verkefnaþöð. Þegar heim er komið er gott að foreldrar aðstoði börn sín við að vinna verkefni. Umsjón með sunnudagaskólunum í vetur hafa þeir félagar Hreiðar Örn og Jónas Þórir. Fyrsta samveran verður sunnudaginn 7. september.

Foreldramorgnar

Þetta eru stundir fyrir foreldra sem vilja koma saman og ræða málin. Það er mikilvægt að lokast ekki af vegna barnanna. Komið og njótið góðs samfélags. Þar er mæting milli kl. 10 og 12 og þið þurfið ekki að skrá ykkur eða tilkynna komu ykkar fyrirfram. Fundarstaður: Safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3. 3. hæð. Ekki er búið að ákveða hvaða dag foreldramorgnar verða á þessu starfsári en verður nánar auglýst síðar.

Fylgist með á heimasíðunni, www.lagafellskirkja.is.

Gleðigjafarnir — T.T.T.(Töff, töfrandi og taktfast)

TTT er félagsskapur fyrir öll tíu til tólf ára börn sem langar til að eiga skemmtilegan vetur saman. T.T.T. fundirnir verða á mánudögum kl. 16:30. Þar munum við skemmta okkur við margskonar verkefni. Allir krakkar

velkomnir. Fyrsti fundur hópsins verður 8. september. Fundarstaður: Safnaðarheimili Lágafellssóknar, Þverholti 3, 3 hæð.

Kirkjukrakkar

Eins og áður verður boðið upp á starf fyrir krakka í frístundaseli skólanna. Það starf verður kynnt í september með beinum hætti til foreldra barna í skólunum.

Sound – æskulýðsstarf Lágafellskirkju – ud KFUM & KFUK

Sound er félagsskapur fyrir alla unglíngi á 8. 9 og 10 bekk. Margar skemmtilegar ferðir ásamt líflegum spjallfundum. Fundirnir verða á mánudagskvöldum frá kl. 17:30. Eitt helsta verkefni vetrarins er undirbúningur ferðar á samnorrænt kristlegt æskulýðsmót sem haldið verður í Færeyjum (Með stuttum stans í Danmörku) sumarið 2009. Fyrsti formlegi fundur þessa hóps verður 8. september. Fundarstaður: Safnaðarheimili Lágafellssóknar Þverholti 3, 3 hæð.

Leiðtogadeild

Sérstök leiðtogadeild starfar í vetur, ætluð þeim unglíngum sem hafa verið í æskulýðsstarfinu og vilja þjálfa sig upp í að verða leiðtogar í barna- og æskulýðsstarfi kirkjunnar.

Fermingarfræðslan

Fermingarfræðslan verður með líku sniði og undanfarin ár. Nánari upplýsingar um skráningu, væntanlega fermingardaga og annað sem máli skiptir mun berast foreldrum og börnum fyrstu dagana eftir að skólustarf hefst í haust



Fríða hætt

Hólmfríður Jónsdóttir – Fríða – sem verið hefur starfsmaður safnaðarins í áratugi er nú horfin til annarra starfa.

Fríða settist að í Mosfellssveit árið 1984 og gekk fljótlega í kirkjukórinn. Hún tók að sér ræstingu á kirkjum safnaðarins og síðar einnig safnaðarheimili auk þess sem hún hefur leyst húsmóður safnaðarheimilis af í fríum. Síðustu misserin hefur hún einnig verið meðhjálpari við athafnir safnaðarins.

Henni fylgja bestu þakkir og árnaðaróskir á nýjum vettvangi en hún lauk sjúkraliðaprófi fyrr á þessu ári.

Safnaðarheimilið er í Þverholti 3. Símar: 566 7113 og 566 8028

Skrifstofa sr. Ragnheiðar Jónsdóttur er á annari hæð. Sínaviðtalstími hennar er mánudaga til fimmtudaga kl 12-13. Símanúmer: sjá ofan.
Fax: 566 6624, farsími: 869 9882.
Netfang: ragnheidur.jonsdottir@kirkjan.is

Jónas Þórir organisti hefur viðtalstíma í safnaðarheimilinu á fimmtudögum kl. 10–12. Heimasími: 566 8876. Farsími: 892 9671. Netfang: jonasthorir@sim-net.is

Skrifstofa Hreiðar Arnars Zoega Stefánssonar, frkvstj. er á annari hæð: Símanúmer: 566 7113, farsími 896 8936. Netfang hreidar@kirkjan.is

Húsmóðir í safnaðarheimili er Sigríður Pétursdóttir. Símanúmer: sjá ofan.

Hilmar Sigurðsson er formaður sóknarnefndar. Símanúmer: 566 6701.

Heimasíða Lágafellssóknar: www.lagafellskirkja.is

Helgihald í Mosfellsprestakalli

31. ágúst – 23. nóvember 2008

24. ágúst 14. sd. e. trinitatis

Lágafell

Guðspjónusta kl.14.00

Sr. Jón Þorsteinsson kveður söfnuðinn eftir 18 ára starf sem sóknarprestur.

Kirkjukaffi í Hlégarði eftir messu.

31. ágúst 15. s. e. trinitatis

Lágafell

Guðspjónusta kl. 11.00

Bæjarhátíð Mosfellsbæjar:

„Í túninu heima“

7. september 16. s. e. trin.

Lágafell

Guðspjónusta kl. 11.00

14. sept. 17.s. e. trin.

Lágafell

Guðspjónusta kl.11

21. sept. 18. s. e. trin.

Lágafell

Guðspjónusta kl. 11.00

28. sept. 19. s. e. trin.

Mosfell

Guðspjónusta kl. 11.00

5. október 20. s. e. trin

Lágafell

Guðspjónusta kl. 11.00

12. okt. 21. s. e. trin.

Lágafell

„Taize“ messa kl. 20.00

19. okt. 22. s. e. trin.

Menningardagur í kirkjum

í Kjalarnesprófastsdæmi

Lágafell

Guðspjónusta kl. 11.00

„Vorboðarnir“ kór eldri borgara

26. okt. 23. s. e. trin.

Mosfell

Guðspjónusta kl. 11.00

Siðbótardagur

2. nóvember 24. s. e. trin.

Allra heilagra messa

Lágafell

Guðspjónusta kl. 11.00

9. nóv. 25. s. e. trin

Kristniboðsdagur

Lágafell

„Taize“ messa kl. 20.00

16. nóv. 26. s. e. trin.

Lágafell

Guðspjónusta kl. 11.00

23. nóv. 27. s. e. trin.

Mosfell

Guðspjónusta kl. 11.00

Þar sem nýr sóknarprestur hefur ekki verið valinn er þessi listi var gerður er ekki unnt að tilgreina hvaða prestur annast guðspjónustuna hverju sinni.

Það verður nánar tilkynnt með vikulegum auglýsingum svo sem verið hefur.

